

KLÓR

Fljótandi klór undir þrýstingi, skörp stingandi lykt.



HÆTTA

Bruna- og sprengihætta

Getur í sambandi við brennanleg efni myndað sprengifimar blöndur sem viðhalda bruna. Við upphitun geta hylki sem innihalda fljótandi klór sprungið.

Heilsufarshætta

Klörgas getur við innöndun valdið alvarlegum skaða á lungum og öndunarfærum. Við húðsnertingu getur fljótandi klór valdið alvarlegum ætingarsárum og kali. Slettur í augu geta valdið varanlegum sjónskemmdum.

Við óhöpp

Fyrstu viðbrögð:

Leki

Við varanlegan klörgasleka yfirgefið hættusvæðið samstundis.

Notið viðeigandi hlífðarföt og ferskloftsgrímu við að loka fyrir klórleka. Við klörgasleka má nota vatnsúða til að eyða gasinu í loftinu. Ekki má sprauta vatni á fljótandi klór.

Eldsvoði

Klórhylki verði fjarlægð yfir á öruggan stað. Ef það reynist ekki unnt, kæla þá hylkin með vatni eða hylja þau með slökkvifroðu.

Heilsutjón

Flytjið hinn slasaða eins fljótt og unnt er af hættusvæðinu. Kallið til lækni. Ef hinn slasaði andar ekki, veitið öndunaraðstoð (munn við munn aðferð). Losið um föt slasaða, sérstaklega um háls og mitti. Klórmenguð föt skal fjarlægja. Skolið húðina strax með miklu vatni. Þvoið e.t.v. á eftir með vatni og sápu. Slettur í augu skolist strax með miklu vatni í minnst 15 mínútur.

Fyllstu öryggisráðstafana skal gætt meðan hættuástand varir

Frekari upplýsingar um klór er að finna í öryggisleiðbeiningum Vinnueftirlitsins nr. 24 og leiðbeiningar nr. 1 1992 um öryggi við notkun á klór og vatnslausnum klórs.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS